

KATLA KJARTANSDÓTTIR OG KRISTINN SCHRAM

## „Fólk í feldklæðum“

### Lundar og hvítabirnir á mannöld

#### *Inngangur*

Saga dýra, hlutverk þeirra og gildi varð að mörgu leyti útundan eða jaðarsett í fremur mannmiðaðri söguskráningu, rannsóknum og vísindum, þar sem að hinn vestræni, hvíti karlmaður hefur lengi vel trónað á toppi í eins konar stigveldi. Kenningarlegar nálganir í tengslum við samband fólks við dýr hafa vissulega tekið nokkrum breytingum frá því til dæmis Martin Heidegger (1889–1976) lagði áherslu á að dýr væru eins konar grundvallartákn annarleika (e. *otherness*). Í þessu samhengi setti Heidegger einnig fram þá kenningu að dýr hefðu ekki á að skipa þeim eiginleikum sem manneskjur nota til þess að skilgreina rými (e. *space*) og að vitund þeirra um eigin verund (e. *being*) væri því ákaflega takmörkuð. Þá hafa dýr, samkvæmt hans kenningum, heldur ekki hendur og geta þess vegna ekki skrifað um reynslu sína af eigin verund. Manneskjan hins vegar hafi vissulega hendur og geti þess vegna nýtt sér margs kyns tól og tæki, meðal annars til þess að skrifa um upplifun sína og skilning á eigin veruleika. Þetta taldi Heidegger vera einn grundvallar-muninn á mannskepnum og öðrum dýrum.<sup>1</sup>

Kennismiðir, úr hinum ýmsu áttum, hafa þó náð að hrísta upp í slíkum viðhorfum tvíhyggju og mannmiðaðri sýn módernismans á samband manna og dýra með því að beina sjónum að fjölbreyttum hlutverkum dýra og mikil-

<sup>1</sup> Martin Heidegger, *The Fundamental Concepts of Metaphysics. World, Finitude, Solitude*, þýðing W. McNeill og N. Walker, Bloomington og Indianapolis: Indianapolis Press, 1995; Stuart Elden 2006, „Heidegger’s Animals“, *Continental Philosophy Review* 39: 3/2006, bls. 273–291. Sjá einnig: Marteinn Sindri Jónsson, *Öðrun og örðun – Um hugtakið að-verða-dýr í verki Gilles Deleuze og Félix Guattari, Þúsund flekar: Kapitalismi og skitsófrenía*, ritgerð til MA-prófs í heimspeki við Háskóla Íslands, 2016.



vægum áhrifum þeirra á nær öll svið mannlegrar tilveru.<sup>2</sup> Í tímamótaverki sínu *When Species Meet* bendir Donna Haraway til dæmis á það hversu mikilvægt það er að brjóta niður múra eða það sem hún nefnir „The great divide“ á milli manneskju og dýra.<sup>3</sup> Bókina má að sumu leyti sjá sem ákall til fræðimanna um að mikilvægi þess að beina sjónum í auknum mæli að dýrum og samfléttun þeirra veruleika við okkar mannlega veruleika. Hún ræðir einnig um það hversu tímabært það sé að velta fyrir sér með gagnrýnum hætti margvíslegum skilgreiningum og „hefðbundnum“ flokkum módernismans er varða dýr. Í þessu samhengi varpar Haraway til dæmis fram tillögu um hvort ekki megi notast við hugtakið „fólk í feldklæðum“ (e. „*humans in fur suits*“) þegar rætt er um dýr og eiginleika þeirra. Nálgun af þessu tagi dregur óneitanlega fram hið mannlega í dýrinu og vekur upp hugrenningatengsl sem vísa í mannlegt atferli fremur en hið dýrslega, sem er þá í þessu tilviki hin einfalda mannlega athöfn: að klæða sig upp í jakkaföt.<sup>4</sup> Að sama skapi varpar orðfærið einnig ljósi á hið mannlega atferli að klæða sig upp í dýraskinn eða feld af dýri, sem velþekkt er og hefur auðvitað löngum tíðkast á meðal mannvera. Fjallað verður um þetta atferli nánar í kaflanum um hvítabirni.

Óhætt er að segja að slíkar áherslur er varða frásagnir dýra, ólík hlutverk þeirra, tilfinningalíf og vægi innan efnismenningar hafi á undanförunum árum og áratugum náð að vaxa verulega fiskur um hrygg. Í bók sinni *The Post-Modern Animal* ræðir Steve Baker til dæmis um það hvernig hið „póst-móðerníska dýr“ búi yfir ákveðinni hæfni eða atbeina til þess að taka bæði áhorfandann (manneskjuna) og dýrið sjálft út úr hinu hefðbundna samhengi tvíhyggjunnar. Að hans mati býður hin póst-móðerníska nálgun í raun upp á mun dýpri, flóknari og fínstilltari greiningu á hinu margslungna sambandi manna og dýra. Samkvæmt Baker er slík nálgun mjög mikilvæg áskorun fyrir bæði fræðimenn og listamenn: að greina og setja fram dýr án þess að varpa yfir á þau mannhverfum gildum og hlutverkum. Mikilvægt sé að stíga út

<sup>2</sup> Claude Lévi-Strauss, *Totemism*, þýð. Rodney Needham, London: Merlin Press, 1964; Donna Haraway, „Teddy bear patriarchy. Taxidermy in the garden of Eden, New York City, 1908–1936“, *Social Text* 11/1984, bls. 20–64; Wendy Wheeler, *A New Modernity?: Change in Science, Literature and Politics*, London: Lawrence & Wishart, 1999; Steve Baker, *The Post-Modern Animal*, London: Reaktion Books Ltd., 2000; Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark Wilson, *Nanoq: Flat Out and Bluesome. A Cultural Life of Polar Bears*, London: Black Dog Publishing, 2006; Donna Haraway, *When Species Meet*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2008; Steve Baker, *Artist Animal*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2013.

<sup>3</sup> Donna Haraway, *When Species Meet*, 2008, bls. 4.

<sup>4</sup> Donna Haraway, *When Species Meet*, 2008, bls. 67.

fyrir sína eigin mannmiðju, setja sig í spor dýrsins og velta upp spurningum er varða til dæmis þeirra sjónarhorn, upplifanir og reynslu.<sup>5</sup> Nálgun af þessu tagi leggur jafnframt áherslu á mikilvæg og fjölbreytt hlutverk dýra í hinni stöðugu og viðvarandi samsköpun heimsins.

Í þessari grein tökum við mið af slíkum „meira en mennskum“ (e. *more than human*) áherslum og nýtum okkur þegar við nálgumst samtvinnaða hugmyndaheima, vistkerfi og veruleika fólks, lunda og hvítabjarna. Í greininni nálgumst við safngripi og lifandi dýr sem virka gerendur (e. *actants*) í anda Brunos Latour og greinum hvernig slíkir gerendur taka þátt í síkvikri sköpun þjóðernis- og svæðisímynda.<sup>6</sup> Meginspurning þessarar rannsóknar er hvernig tvær dýrategundir, hvítabirnir og lundar birtast, og hafa áhrif á, efnismenningu og frásagnir fortíðar og samtíma. Rætt er um með hvaða hætti þau hafa frá fornu fari fléttast saman við sjálfsmyndir, heimsmynd og mismunandi menningarlegt samhengi norðurslóða. Þá spyrjum við hvaða hlutverk dýrin leika í frásagnarmenningu og ímyndasmíði Íslendinga og nærliggjandi landa og hvernig túlkanir þau rúma. Við greinum þau einnig sem tákni í samtímanum, meðal annars í ferðamennsku, á söfnum og í öðrum sjónrænum miðlum. Við skoðum hvað gerist þegar lifandi dýri er breytt í safngrip og/eða minjagrip og hvaða hlutverki þeir gegna. Í þessu samhengi greinum við einnig orðræður um þverþjóðleg tengsl, umhverfisvá, líffræðilegan fjölbreytileika og útrýmingu tegunda.

### *Lundabangsar, albínóar og lyklakippur*

Vinsælasti minjagripurinn fyrir ferðamenn á Íslandi virðist um þessar mundir vera lundinn, sem birtist okkur og efnisgerist í margvíslegum formum og myndum, meðal annars í minjagripaverslunum eða svokölluðum lundabúðum. Segja má að tilkoma lundans í íslenskri flóru þjóðernistákna sé tiltölulega ný af nálinni. Í íslenskum þjóðsögum er hann til dæmis ekki mjög áberandi en til matar var hann vissulega veiddur og má finna fjölmargar myndrænar, munnlegar og skriflegar heimildir um það. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* er lundaveiðum lýst nokkuð nákvæmlega í kafla um fugla í Breiðafjarðareyjum. Þar er meðal annars greint frá því að litlir hundar hafi verið notaðir við veiðarnar, sem grafa þá í lundaholurnar en samkvæmt lýsingum þeirra létur fuglinn ekki alltaf friðlega í þessum atgangi. Í nokkrum orðum

<sup>5</sup> Steve Baker, *The Post-Modern Animal*, 2000.

<sup>6</sup> Bruno Latour, *Science in Action. How to Follow Scientists and Engineers Through Society*, Cambridge Mass: Harvard University Press, 1987.

lýsa þeir þessari viðureign, sem virðist á köflum nokkuð hatrömm:

Ef holan er víð og hundurinn grannur, skríður hann tafarlaust inn í hana, tekur fuglinn og færir veiðimanninum. Lundinn bítur þó oft-sinnis bæði veiðimanninn og hundinn, svo þeir hljóða aumkunnarlega, því að fugl þessi er bæði sterkur og harðskeyttur.<sup>7</sup>

Í bókinni *Íslenskir þjóðbættir* segir einnig frá þjóðtrú er tengist lundum á Íslandi. Þar segir að mýs þrífist ekki í eyjum, þar sem lundi heldur til, heldur drepist þar þegar. Vegna þessa hafi sumir því fengið sér mold úr lundaholum og flutt í bæi, þar sem músagangur hefir verið mikill, og þótt sér að góðu verða. Í bókinni er einnig lundaveiðum lýst, annars vegar í svokölluð lundanet, sem lögð eru þá yfir holurnar, og hins vegar með stöngum.<sup>8</sup>

Í tengslum við vaxandi ferðamennsku hér á landi hefur svo lundinn orðið að nokkuð krúttlegu en jafnframt mjög ríkjandi og útbreiddu tákni. Í þessu samhengi má til dæmis benda á hinar fyrrnefndu lundabúðir, sem áberandi eru mjög víða í miðbæ Reykjavíkur. Þegar gengið er niður Laugavegin er þar að finna minjagripaverslanir í nær öðru hverju húsi, þar sem hillurnar hreinlega svigna undan lundafígúrum, dóti og drasli af margvíslegu tagi. Á Keflavíkurflugvelli er jafnframt að finna risastóran lundabangsa, sem virðist vera að hrynja neðan úr loftinu. Við hlið hans hangir nokkuð stórt skilti, sem ætlað er erlendum ferðamönnum. Á skiltinu stendur í lauslegri þýðingu: „Hæ, ég heiti Palli lundi – þú finnur mig ásamt öðrum tollfrjálsum vörum uppi, á leið þinni heim“.

Fyrir hinn almenna ferðamann á Íslandi er það sumsé nær ómögulegt að rekast ekki á lunda, í einhverri mynd. Minjagripaverslanir eru smekkkfullar af seglum, póstkortum, styttum, húfum, kaffibollum, lyklakippum eða hreinlega uppstoppuðum lundum. Í nýlegri grein, sem ber heitið „Puffin Love. Performing and Creating Arctic Landscapes in Iceland through Souvenirs“, er fjallað um það hvernig framsetning þessara gripa taki þátt í því að skapa eins konar norðurslóðastemmingu í miðbæ Reykjavíkur, en einnig hvernig „lundavæðingin“ valdi ákveðinni spennu eða togstreitu á milli heimamanna og gesta. Íbúar miðbæjarins og aðrir Íslendingar sem um langt skeið hafa

<sup>7</sup> *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752 – 1757*, fyrra bindi, Hraundrangi: Örn og Örlygur, 1975, bls. 328. Jón Eiríksson og Gerhard Shöning bjuggu frumútgáfuna til prentunar og var hún gefin út í Sórey í Danmörku árið 1772, Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði árið 1942.

<sup>8</sup> Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðbættir*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1934, bls. 186 og 199.



Ljósmynd: Dagur Kári Pétursson, Leifsstöð, 2019.

mótað og skapað merkingu Laugavegarins með hversdaglegri iðkun sinni, verslunarháttum, dvöl og íveru finna kannski litla sem enga tengingu við hvorki lunda né hvítabirni, sem hins vegar hafa nær yfirtekið svæðið í kjölfarið á vaxandi ferðamennsku.<sup>9</sup> Í þessu samhengi má einnig benda á með hvaða hætti minjagripir eru færir um að flytja frá einum stað til annars ímyndir af svæðum, eins og Veronica Della Dora fjallar um í sinni grein um svokallaða landslagsgrip. Hún ræðir um það hvernig ferðir slíkra gripa og efnisleiki (e. *materiality*) þeirra taka þátt í að móta hugmyndir okkar um tiltekna staði en einnig veltir hún því fyrir sér hvernig merking þeirra mótast og breytist á ferðum þeirra, í gegnum mismunandi tíma og rými.<sup>10</sup>

Í þessu samhengi er áhugavert að velta fyrir sér með hvaða hætti ímynd Íslands ferðast þvert á tíma og rými í gegnum minjagrip, á borð við ísbirni og lunda í margvíslegum formum. Um þessar mundir virðast sem dæmi uppstoppaðir lundar vera ákaflega vinsælir á meðal ferðamanna ef marka

<sup>9</sup> Katrín Anna Lund, Katla Kjartansdóttir og Kristín Loftsdóttir, „Puffin Love. Performing and Creating Arctic Landscapes in Iceland through Souvenirs“, *Tourist Studies* 18: 2/2017, bls. 142–158.

<sup>10</sup> Veronica della Dora, „Travelling landscape-objects“, *Progress in Human Geography* 33: 3/2009, bls. 334–354.

má frétt frá árinu 2015, þar sem sagt er frá íslenskum hamskera, Sveinbirni Sigurðssyni, sem fjöldaframleiðir uppstoppaða lunda í gríð og erg. Samkvæmt fréttinni selur hamskerinn nokkur hundruð lunda á sumri hverju til ferðamanna. Jafnframt er sérstaklega tekið fram að ferðamenn séu tilbúnir að greiða um 30.000 krónur fyrir stykkið og að lundinn sé í þessu samhengi langvinsælasti fuglinn.<sup>11</sup>

Vinsælar á meðal ferðamanna eru einnig svokallaðar lundaskoðunarferðir og í kjölfar þeirra er jafnvel boðið upp á spennandi lundarétti á veitingastöðum. Sjá má hvernig lundinn verður í þessu samhengi að eins konar tákmynd þegar kemur að hreyfanleika (e. *mobility*) og ímyndarsmíð, sem nær langt út fyrir staðbundinn eða þjóðernislegan veruleika. Í nýlegri frétt *Morgunblaðsins*, þann 7. september 2019, er til dæmis greint frá því að tveir japanskir piltar hafi opnað lundapylsuvagn í Japan í kjölfarið á ferðalagi þeirra um Ísland. Þeir sem ekki hafa fengið nóg af lunda á Íslandi geta því hæglega skellt sér til Tokyo og náð sér í eina lundapylsu þar. Annað dæmi má einnig nefna sem sýnir vel margslungið hlutverk lundans í alþjóðlegu samhengi samtímans. Í frétt *Independent*, er greint frá því að breskir veiðimenn greiði allt að 3.000 pund, eða um 500 þúsund krónur, fyrir sérferðir til Íslands í þeim tilgangi að veiða lunda. Fréttin greinir frá því að bresku veiðimennirnir geti skotið allt að hundruð lunda í einni ferð. Þá þekkest það að veiðimennirnir taki síðan hræin með sér heim. Jafnframt er tekið fram að breskir aðgerðasinnar vilji banna innflutning á lundahræjum, vegna þess að stofninn sé í útrýmingarhættu.<sup>12</sup>

Í tengslum við umræðuna sem skapaðist á sínum tíma varðandi ferðir af þessu tagi greindi eigandi The Icelandic Hunting Club, sem er íslenskt fyrirtæki sem býður upp á slíkar skotveiðiferðir, frá því hvernig haturspóstum frá erlendum dýraverndunarsinum hafi rignt yfir sig eftir að mynd, sem sýnir lundaveiðimenn í ferð á vegum fyrirtækisins, var birt á vinsælli Facebook-síðu og tekin til umfjöllunar í breskum fjölmiðlum. Eigandanum þykir þetta nú vera óþarfa geðshræringar því aðeins sé nú farið í um tvær ferðir á ári og ekki veiddir nema um tvö hundruð lundar. Það sé því „aðeins dropi í hafið“ – svo vísað sé beint í hans orð um málið.<sup>13</sup>

<sup>11</sup> Lís Pálsdóttir, „Fjöldaframleiðir uppstoppaða lunda“, *Rúv.is* 18. apríl 2015, sótt 17. desember 2019 af <https://www.ruv.is/frett/fjoldafarmleidir-uppstoppada-lunda>.

<sup>12</sup> Tim Wyatt, „Trophy hunters paying to shoot 100 puffins at a time during trips to Iceland“, *Independent*, 29. júlí 2019, sótt 18. nóvember 2019 af <https://www.independent.co.uk/news/uk/home-news/puffin-hunting-trophy-iceland-endangered-defra-environment-a9024946.html>.

<sup>13</sup> Kristín Ólafsdóttir, „Haturspóstum rignir yfir fyrirtækið eftir umfjöllun um lunda-



Í þessu samhengi má einnig velta fyrir sér enn annarri nýlegri frétt sem greindi frá lundaveiðiferð sjónvarpskokksins Gordons Ramsey til Vestmannaeyja. Reyndist ferðin allmikil áskorun fyrir kokkinn sem féll fram af kletti og endaði í sjónum. Af fréttinni er ekki annað að skilja en að Ramsey hafi verið nokkuð brugðið en jafnframt lýsir hann ferðinni sem mikilli hetju-dáð. Ramsey lýsir í fréttinni nokkuð hetjulegri viðureign sinni við lundann og síðan samskiptum við eiginkonu sína í kjölfarið, sem af fréttinni að dæma, var alls ekki sátt við þetta glæfraspil eiginmannsins.<sup>14</sup> Í samtímanum er greinilega veiðiskapur, sem áður, tengdur við karlmennsku, hreysti og hetjuímyndir en einnig má sjá af þessum dæmum hvernig lundanum tekst að binda saman ólíka hópa og menningu, þvert á landamæri. Í hinum síkviku hnattrænu tengslum samtímans leikur hann margslungið hlutverk, sem minjagripur og safngripur en einnig vinsæl og eftirsótt bráð fyrir „ævin-týraferðamenn“ samtímans. Í þessu samhengi má þó geta þess að lundinn er raunar friðaður samkvæmt íslenskum lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sem vekur auðvitað upp ákveðnar spurningar í tengslum við sportveiðar af þessu tagi.<sup>15</sup>

Sjálfbærar lundaveiðar hafa þó löngum tíðkast á Íslandi, til dæmis í eyjunum við Breiðafjörð og í Vestmannaeyjum. Á vefnum *Heimaslóð* er greint frá því að fyrsta fuglaveiðisamþykktin er varðar Vestmannaeyjar sé frá 16. júlí 1895. Athyglisvert er að samkvæmt samþykktinni var lundi alfríðaður, það er að segja í þeim veiðieyjum, er venja var að liggja við í, að meðtöldum Yztakletti, Miðkletti og Heimakletti, allan ársins hring, nema tímabilið frá því ellefu vikur af sumri og til þess er fimmtán vikur voru af sumri. Þá voru og bönnuð önnur veiðitæki en háfur. Einnig er greint frá því að landsmenn hafi fyrrum ráðið sig til lundaveiða fram að slætti, og stúlkur af landi til fuglareitslu og að kaup hafi þá verið greitt í fugli.<sup>16</sup> Á sama vef er einnig að finna prýðilegar lýsingar frá menningunni sem skapaðist í kringum veiðarnar á sumrin.<sup>17</sup>

Í Vestmannaeyjum eru enn stundaðar lundaveiðar og er þar að finna eina

---

veiði á Íslandi“, *Vísir.is* 29. júlí 2019, sótt 16. nóvember 2019 af <https://www.visir.is/g/2019190728897>.

<sup>14</sup> Gordon Ramsey óttaðist um líf sitt við lundaveiðar, *Vísir.is* 28. júlí 2008, sótt 5. desember 2019 af <https://www.visir.is/g/2008624981713>.

<sup>15</sup> Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum“, 64/1994, sótt 10. mars 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html>.

<sup>16</sup> „Fuglaveiðar og eggjatekja“, *Heimaslóð.is*, e.d., sótt 18. nóvember 2019 af [http://www.heimaslod.is/index.php/Saga\\_Vestmannaeyja\\_II./\\_III.\\_Atvinnuvegir,\\_2.\\_hluti,\\_framhald\\_2](http://www.heimaslod.is/index.php/Saga_Vestmannaeyja_II./_III._Atvinnuvegir,_2._hluti,_framhald_2)

<sup>17</sup> Sama heimild.

stærstu lundabyggð veraldar. Meira en 1,1 milljón lundapör verpa í Vestmannaeyjum og hefur lundinn stundum verið nefndur „þjóðarfugl Vestmannaeyinga“. Í eins konar sædýrasafni þar, sem stofnað var árið 1964 undir heitinu Sæheimar – Fiska og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja, var um nokkuð langt skeið til sýnis lifandi lundi sem kallaður var Tóti. Tóta var „bjargað“ af starfsmönnum safnsins þegar hann var aðeins smáungi, sem villtist úr hreiðri. Í Sæheimum var hann svo alinn í um fimm ár og fékk mikla athygli, frá bæði innlendum og erlendum gestum. Á Facebook-síðu og heimasíðu safnsins má finna margvíslegar fréttir (og myndir) af Tóta, sem sýna vel hversu vinsæll hann var. Átti hann meira að segja nokkurt úrval af handboltatrejum og lét Tóti ekki sitt eftir liggja þegar hvetja þurfti áfram handboltalið bæjarins. Þegar Tóti varð fimm ára, skömmu áður en hann drapst, var svo haldin mikil veisla í Sæheimum – honum til heiðurs. Með fréttinni fylgir jafnframt mynd af Tóta þar sem hann er uppáklæddur í spariföt, með glæsilegan pípuhatt og staf í hendi.<sup>18</sup>

Með þessum hætti er fuglinn færður inn í mannlegt samfélag og hann í raun gerður að eins konar viðurkenndum (heiðurs)borgara í Vestmannaeyjum. Í gegnum augu ferðamanna (e. *tourist gaze*)<sup>19</sup> fær hann einnig það hlutverk að vera partur af hinu „villta, hreina og framandi“ Íslandi eða að minnsta kosti ímyndasköpuninni um það. Velta má fyrir sér hvort hér sé um að ræða eins konar *Disneyvæðingu*, þar sem lundinn Tóti kemur þá í stað Mikka og féлага.<sup>20</sup> Af hinum ýmsu færslum að dæma, til dæmis í formi mynda og texta á samfélagsmiðlum og í ferðabloggum, er ljóst að Tóti náði gríðarlegum vinsældum og heillaði geysimarga bæði innlenda og erlenda ferðamenn langt upp úr skónum.<sup>21</sup> Sjá má að lundinn, bæði sem lifandi dýr og safngripur, hefur í gegnum tíðina haft ýmsum hlutverkum að gegna, sem tekið hafa nokkrum breytingum á síðari árum. Áður fyrr var hann einkum mikilvægur lífgjafi á meðal eyjaskeggja en í samtímanum hefur hann í auk-

<sup>18</sup> „Haldið upp á 5 ára afmæli Tóta“, *Eyjar.net*, 20. ágúst 2016, sótt 18. nóvember 2019 af <http://eyjar.net/is/read/2016-08-20/halidid-upp-a-5-ara-afmaeli-tota>.

<sup>19</sup> John Urry og Jonas Larsen, *The Tourist Gaze 3.0.*, Los Angeles: Sage, 2011. Með þessu hugtaki er átt við það hvernig áhorf ferðamanna hefur merkingarmótandi áhrif til dæmis í tengslum við ímyndasköpun þjóða og svæða.

<sup>20</sup> Alan Bryman, *The Disneyization of Society*, London: Sage Publications Ltd., 2004. Í bókinni kynnir Bryman hugtakið til þess að lýsa vaxandi Disneygarðaáhrifum innan samfélaga þar sem áhersla er einkum lögð á skemmtun, sölumennsku og neyslumenningu í anda Disneygarða.

<sup>21</sup> Regína Hrönn Ragnarsdóttir, „The Westman Islands – Sæheimar Museum and the Puffins“, *Guide to Iceland*, sótt 18. nóvember 2019 af <https://guidetoiceland.is/connect-with-locals/regina/the-vestmannaeyjar-saeheimar-aquarium-have-you-ever-met-a-puffin-up-close-and-personal>.



um mæli orðið að táknmynd íslenskrar náttúru og ótvírætt aðdráttarafi í tengslum við alþjóðlega ferðamennsku samtímans.

Hlutverk og framhaldslíf lundans, til dæmis í formi safngripa og minjagripa, hefur einnig verið að þróast. Þegar saga hans sem safngrips er skoðuð má sjá að hlutverk hans hefur verið nokkuð fjölbætt og margslungið. Til dæmis má nefna framsetningu hans í furðukamesi fornfræðingsins Ole Worm, sem talinn hefur verið mikill frumkvöðull í söfnun og skráningu efnislegra minja.<sup>22</sup> Á danska Náttúruminjasafninu í Kaupmannahöfn má um þessar mundir sjá nokkuð nákvæma eftirgerð af furðukamesi Ole Worms eftir ítölsku listakonuna Rosamund Wolff Purcell. Eftirgerðin sýnir vel hvernig lundinn hefur fengið sinn sess í klefa Worms ásamt nokkrum öðrum (einkennis)dýrum á borð við ísbirni og geirfugla frá jaðarsvæðum danska konungsveldisins: Íslandi, Færeyjum og Grænlandi.<sup>23</sup> Af þessu dæmi má sjá hvernig lundinn var settur fram sem safngripur frá hinum „villtu“ og „framandi“ norðurslóðum og áhugavert er að velta fyrir sér hvaða hlutverki hann hefur á sínum tíma gegnt innan veggja furðukamesins og einnig hvaða áhrif hann hefur haft á fjölbreyttan hóp safngesta þar. Þeim spurningum verður hins vegar ekki svarað að þessu sinni enda er sjónum hér einkum beint að hlutverki og merkingu lundans sem lifandi dýri og táknmynd, meðal annars í formi minjagripa og safnmuna í samtímanum.

### *Breytt hlutverk í breyttum heimi*

Á sýningunni *Undur íslenskrar náttúru*, sem opnuð var í Perlunni í Reykjavík í nóvember árið 2018, er að finna allstóra eftirgerð af lundabjarginu í Látrabjargi. Á heimasíðu safnsins er einnig að finna mynd af bjarginu, sem vissulega er nokkuð tilkomumikið og raunverulegt á að líta.<sup>24</sup> Í „bjarginu“ eru allmargar eftirgerðir af lunda til sýnis innan um aðra skylda sjófugla. Innlendir og erlendir safngestir geta þá í miðri Reykjavíkurborg upplifað, í gegnum eins konar sýndarveruleika, búsvæði lunda – eða að minnsta kosti gert sér í hugarlund hvernig búsetuskilyrðum slíkra fugla er háttað í íslenskri náttúru.<sup>25</sup>

<sup>22</sup> Camilla Mordhorst, *Genstandsfortællinger – Fra Museum Wormianum til de Moderne Museer*, Ph.d. Afhandling, Roskilde: Roskilde Universitetscenter/Nationalmuseet, 2003; Valdimar Hafstein, „Þekking, virðing, vald. Virtúósinn Ole Worm og Museum Wormianum í Kaupmannahöfn“, *Ritið* 1/2010, bls. 25–57.

<sup>23</sup> Vettvangsferð höfundar á Danska Náttúruminjasafnið, 30. september 2019.

<sup>24</sup> *Undur íslenskrar náttúru*, sótt 18. nóvember 2019 af <https://perlan.is/exhibitions/>. Sú var einnig reynsla höfundar í vettvangsferð á sýninguna „Undur íslenskrar náttúru“ 18. október 2019.

<sup>25</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Perlunni var það fyrirtækið Taylor Studios Inc. sem

Samhliða vaxandi hreyfanleika og hnattrænum áskorunum samtímans í tengslum við neyðslumenningu, flóttamannavanda og fjöldaferðamennsku 21. aldar hafa vaknað upp áleitnar spurningar varðandi söfn sem mikilvægan umræðuvettvang fyrir sameiginleg málefni af þessu tagi, sem og þverþjóðlegar áskoranir safna í þessum efnum, eins og til dæmis þau Fiona Cameron og Brett Neilson hafa bent á.<sup>26</sup> Í þessu samhengi má einnig velta fyrir sér hlutverki safna í tengslum við samtal eða samræðu, þvert á tegundir. Vel þekkt er kenning James Cliffords um söfn sem tengslarými (e. *contact zone*) þar sem ólíkir menningarheimar mætast en ekki er úr vegi að líta einnig á söfn sem kærkominn vettvang fyrir samtal og/eða tengslamyndun milli til dæmis mannfólks, plantna og dýra.<sup>27</sup> Þá má líta á náttúruminjasöfn, listasöfn, menningarminjasöfn og dýragarða eða önnur slík rými, þar sem bæði lifandi (og dauðar) skepnur af margvíslegu tagi eru iðulega hafðar til sýnis, sem kjörinn vettvang til þess háttar stefnumóta og gefandi samræðu til dæmis um framtíðarsýn og/eða stefnumótun, þvert á tegundir.

Nú á tímum mannalda, og sjöttu bylgju útrýmingar, hafa vaknað upp knýjandi spurningar er varða margslungið samband manna og dýra.<sup>28</sup> Samhliða þessum breytingum hefur vægi, hlutverk og atbeini dýra sem virkra gerenda (e. *actants*), stundum í formi náttúruminjangripa á borð við þá sem rætt hefur verið um hér, aukist til muna. Óhætt er að segja að snörp skilaboð þeirra um varfærnislega nálgun í umgengni við náttúruna, og í raun dökkir undirtónar, hafi stigmagnast. Varnaðarorð þeirra í tengslum við útrýmingu tegunda og mikilvægi þess að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika er ótvírætt.

Í þessari grein fylgjum við sem áður segir póst-húmanískri nálgun þar sem litið er til dýra sem mikilvægra og virkra gerenda í skapandi ferli merk-ingarmótunar fremur en að þau séu aðeins óvirkir viðtakendur sem mann-  
eskjan geti, nánast eftir vild eða hentugleikum hvers tíma, varpað sinni eigin

---

hannaði bjargið, gróðurinn og eftirgerðir fuglanna. Í tengslum við það verkefni var notuð blanda af náttúrulegum efnum og gerviefnum á borð við leir, epoxy og þara. Til að líkja eftir gróðri voru notaðar silkiplöntur en í botninum er grjót frá Bjarteyjarsandi í Hvalfirði Þá var límbyss og heitt lím notað til að halda nú öllu vel saman. Þessar upplýsingar fengu höfundar í tölvupóstsamskiptum við starfsmann Perlunnar, 20. nóvember 2019.

<sup>26</sup> Fiona R. Cameron og Brett Neilson, *Climate Change and Museum Futures*, New York: Routledge, 2015.

<sup>27</sup> James Clifford, *Routes. Travel and Translation in the Late Twentieth Century*, Cambridge: MA, Harvard University Press, 1997, bls. 188–219.

<sup>28</sup> Sjá til dæmis umræðu um sjöttu bylgju útrýmingar hjá Elizabeth Kolbert, *The Sixth Extinction. An Unnatural History*, New York: Henry Holt, 2014.



Ljósmynd: Karen Lynn Velaz, Náttúrustofa Suðurlands, 2019.

mannmiðuðu túlkun á, allt eftir því hvernig hugmyndastraumar veltast um í veröldinni.<sup>29</sup> Greina má ákveðinn viðsnúning í þessa átt á síðustu árum í tengslum við viðhorf, orðræðu og framsetningu lunda á opinberum vettvangi. Lundinn var um langt skeið fyrst og fremst nýttur til matar, eins og fjallað var um hér að ofan, en á síðari árum hefur hann einnig verið virkjaður í tengslum við knýjandi spurningar er varða umhverfismál og sameiginlegar áskoranir mannkyns í þeim efnum. Nýlega fór sem dæmi, eins og eldur um sinu á samfélagsmiðlum, mynd af lunda sem þakinn var olíu og var hamur hans þess vegna allur svartur á að líta. Starfsmenn Náttúrustofu Suðurlands náðu að koma lundanum fyrir í pappakassa og reyndu að hreinsa af honum mestu olíuna en það varð honum þó ekki til lífs. Samkvæmt starfsmanni

<sup>29</sup> Í bókinni *Why Look at Animals?* eftir John Berger, má sjá ágætis yfirlit og dæmi um hvernig mannleg sýn á dýr og umfjöllun um þau hefur breyst í tímans rás. Í bókinni rekur hann áhuga og lýsingar manna á dýrum sem birtast okkur fyrst í hellamálverkum og hvernig dýr verða síðan á nítjándu öldinni jaðarsett og smætтуð niður þar sem þau koma fram, mannfólki til skemmtunar, sem eins konar sjónarspil (e. *spectacle*) sem finna má í dýragörðum og á söfnum. John Berger, *Why Look at Animals?* London: Penguin Books, 2009.

Náttúrustofu Suðurlands drapst fuglinn aðeins tveimur dögum eftir að honum var bjargað, vegna þess að hann hafði þá innibyrst of mikið af olíu.<sup>30</sup>

Í verkum Huldu Rósar Guðnadóttur myndlistarkonu hefur lundinn einnig verið mjög áberandi. Í nýlegu verki hennar *All is full of love* (2018) tekur hún til dæmis fyrir lundann sem táknmynd og mikilvægan hlekk í sköpun þjóðernisímyndar Íslands þar sem áhersla er lögð á óspillta og hreina náttúru. Í þessu verki má meðal annars sjá ljósmyndir af listamanninum, á rauðbleikum, sparilegum kjól og rauðum, háhæluðum skóm með stóra lundagrímu á höfðinu. Í þessari múnderingu stillir listamaðurinn sér svo upp í hinum ýmsu tælandi stellingum. Verkið minnir því einna helst á einhvers konar „pin-up“ myndir eða annað af því tagi, þar sem hinni kvenlegu (lunda) manneskju er breytt í kyngerða söluvöru. Hluti af þessu verki er einnig allstór hrúga, eða eins konar fjall, af litlum lundaböngsum sem stillt hefur verið upp á einföldu borði. Þessir bangsar voru sérstaklega framleiddir, í takmörkuðu upplagi, fyrir þetta tiltekna verk. Fyrir áhugasama er svo mögulegt að kaupa slíka „minjagrip“ sem allir eru merktir listamanninum með sama hætti, með orðunum: „All is full of love 2018/Studio Hulda Rós Guðnadóttir/Made in China“.<sup>31</sup>

Verk Huldu Rósar *Material Puffin* frá árinu 2014 snýr einnig að lundnum en þar tekst hún jafnframt á við þjóðernisímyndir og sjálfsmyndir Íslendinga, í bæði sögu og samtíma. Enn fremur hristir hún upp í hefðbundnum kynjahlutverkum, þar sem sjómennska hefur iðulega verið tengd karlmennsku. Þá vekur verkið einnig upp spurningar í tengslum við margslungið samband menningar, náttúru og dýra.<sup>32</sup> Í upphafi verksins vaknar upp af værum blundi kvenpersóna í hátíðlegum, síðum, bleikum kjól með stóra lundagrímu á höfðinu. Eins og sést á heimasíðu Huldu Rósar, þar sem myndbandshluta og stillur úr verkinu er að finna, gengur hún svo í rólegheitum um höfnina og kannar svæðið ítarlega. Hún fær sér sæti, þreifar á hinu og þessu og virðist vera að velta hlutum fyrir sér – síðar í verkinu tekur hún svo stjórnina og vísar stóru skipi rétta leið. Á meðfylgjandi stillu úr verkinu má sjá hvernig þessi kvenlega (lunda)manneskja tekur sér bensín-dælu í hönd og spreypjar, að því er virðist, gulli og glimmeri í hafið.

Sjónræn frásögn Huldu í verkinu gefur karlmannlegu hafnarsvæðinu

<sup>30</sup> Tölvupóstsamskipti við starfsmann Náttúrustofu Suðurlands, 18. september 2019.

<sup>31</sup> Á heimasíðu Huldu Rósar Guðnadóttur má sjá ljósmyndir frá innsetningunni: <http://www.huldarosgudnadottir.is/all-is-full-of-love>, sótt 17. desember 2019.

<sup>32</sup> Verkið má sjá á heimasíðu Huldu Rósar Guðnadóttur, <http://www.huldarosgudnadottir.is/materialpuffin>, sótt 18. nóvember 2019.



Stilla, 'Material Puffin (2014)'. HD, 00:06:28, 16:9. Höfundur: Hulda Rós Guðnadóttir.

kvenlega undirtóna og vekur upp spurningar í tengslum við sjálfbærni og sameiginlega framtíð mannfólks og dýra. Margvísleg (jákvæð og neikvæð) áhrif vegna aukins fjölda ferðamanna á borgarrými Reykjavíkur og hafnararsvæðið er hér einnig umfjöllunarefni. Þá hefur verkið *Material Puffin* jafnframt breiðari skírskotun sem tengist knýjandi spurningum er varða umhverfismálefni samtímans, á borð við loftslagshlýnun og fækkun fugla- tegunda.

Fleiri íslenskir myndlistarmenn samtímans hafa jafnframt fjallað um lundann í sínum verkum og má í því samhengi nefna Curver Thoroddsen sem setti upp pizzastað í Bjargtangavita og bauð þar gestum og gangandi upp á lundapizzur. Gjørningur hans í vitanum var hluti af Listahátíð árið 2009 og vakti þó nokkra athygli. Samkvæmt frétt Morgunblaðsins, sem fjallaði um verkið: *Sliceland - Vestustu pizzur Evrópu*, voru viðtökur almennt mjög góðar, hjá bæði ferðamönnum og heimamönnum. Í fréttinni er þó sérstaklega tekið fram að tveir bandarískir dýraverndurnarsinnar hafi neitað sér um bitann. Rétt eins og í verkum Huldu Rósar er viðkvæm staða lundans í vistkerfinu til umfjöllunar. Með snjöllum hætti vekja lundapizzur Curvers upp spurningar varðandi þann tvískinnung sem felst í því að vilja skoða fuglinn lifandi í sínu náttúrulega umhverfi en hika svo ekki við að leggja hann sér til munns. Í þessu margslungna verki hittir myndlistarmaðurinn því óneitanlega nokkra nagla á höfuðið í tengslum við ákveðnar grundvallarspurningar





Curver Thoroddsen. *Sliceland – Vestustu pizzur Evrópu*. Ljósmynd: Jón Jónsson, 2009.

sem lúta að sambandi mannfólks og dýra.<sup>33</sup>

### *Að koma hvítabirni fyrir í töskunni*

Ákveðnum þemum, táknum og ímyndum bregður síendurtekið fyrir á áfangastöðum ferðamanna á Íslandi og í markaðssetningu þeirra. Í gegnum söguna hafa þessi endurteknu þemu orðið að kennileitum í huglægri kortlagningu, og eins konar myndrænu safni, um norðurslóðir. Eitt þessara tákna er hvítabjörninn, öðru nafni ísbjörn eða einfaldlega bjarndýr. Hvítabjörninn (lat. *Ursus maritimus*) fær á sig ýmsa merkingarauka á norðurslóðum og víðar. Hann er meðal annars tákn máttar og ógnar, er eitt einkennisdýra norðurheimskautsins og ímynd umhverfisverndar og loftslagsváar.<sup>34</sup> Ein uppspretta þessara ímynda er þjóðsögur og alþýðlegar frásagnir frá eyjunum

<sup>33</sup> Jóhann Bjarni Kolbeinsson, „Lundapizzur rjúka út“, *Mbl.is* 29. maí 2009, sótt 12. janúar 2020 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1285113/>.

<sup>34</sup> Sjá t.d. Richard Ellis, *On Thin Ice. The Changing World of the Polar Bear*, New York: Vintage Books, 2009; Michael Engelhard, *Ice Bear. The Cultural History of an Arctic Icon*, Washington: University of Washington Press, 2016; Ivars Silis, *Nanok*, Kaupmannahöfn: Vindrose, 1981; sjá einnig umfjöllun um menningarlegt framhaldslíf hvítabjarna, Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, *Nanog: Flat Out and Bluesome. A Cultural Life of Polar Bears*.



nyrst í Norður-Atlantshafi, Íslandi og Grænlandi, og þeim konungsríkjum er réðu yfir þeim. Hvítabjörninn hafði sérstaka þýðingu í lífi og umhverfi fólks á þessum norðlægu slóðum og ekki síst á óljósum mörkum heimkynna fólksins og dýranna. Fjölmargar frásagnir af hvítabjörnum eru í íslenskum heimildum á borð við miðaldabókmenntir, síðari tíma sagnir og ævintýri og nútímafréttæfni og samfélagsmiðla. Þjóðsagnafræðileg greining á þessum frásögnum býður upp á það að skýra tengsl fólks og dýra. Hér verður það gert með áherslu á að svara því hvaða hlutverk bjarndýrið leikur í frásagnar-menningu og ímyndasmíði Íslendinga og nærliggjandi landa.

Frásagnarheimur og veruleiki er auðvitað samfléttaður og ekki þarf að efast um að hvítabirnir hafi af og til í gegnum aldirnar heimsótt Ísland.<sup>35</sup> Heimkynni þeirra eru svæði sem liggja að Íshafinu og eru strendurnar og hafisinn í kringum Norðurheimskautið þeirra helsta búsvæði. Hvítabirnir finnast oft á rekis mun sunnar og geta synt langar vegalengdir á stuttum tíma. Þeir ferðast um langan veg til að afla sér fæðu og lífshættirnir mótast að nokkru leyti af lífsháttum sela sem eru aðalfæða þeirra. Þeir hvítabirnir sem gengið hafa á land á Íslandi hafa flestir komið með hafis en einnig synt til landsins. Þeir koma líklega langflestir frá Austur-Grænlandi, en ekki er útilokað að dýr frá Svalbarða og Jan Mayen gætu líka hafa komið hingað til lands. Fundist hafa upplýsingar um meira en 600 hvítabirni hér á landi frá landnámi.<sup>36</sup> Frá þeim er sagt í mjög misjafnlega áreiðanlegum heimildum, annálum, þjóðsagnaefni og fréttum, þannig að skoða þarf töluna í því ljósi. Dýrunum er reyndar alltaf að fjölga, ekki bara af því nýir birnir koma til landsins, heldur líka af því að frásagnir um fleiri hvítabjarnakomur finnast í gömlum handritum frá síðari öldum og einnig bætist við eftir því sem meira af blöðum og tímaritum frá síðari öldum verður aðgengilegt fyrir rafræna orðaleit í gagnabönkum eins og Tímarit.is.

Vel má vera að þessi tala sé of lág enda tilviljanakennt á fyrri öldum, og allt fram á níttjándu öld, hvort frásagnir um bjarndýrakomur hafi ratað í ritaðar heimildir. Sannleiksgildi þessara frásagna er mjög misjafnt enda teljast margar þeirra til þjóðsagna eða jafnvel bókmennta. Talningar síðustu tveggja alda eru örugglega áreiðanlegastar en að jafnaði hefur sést til hvítabjarna á Íslandi tvisvar til þrisvar á ári á níttjándu öld en annað hvert ár frá

<sup>35</sup> Rannsóknarverkefnið Ísbirnir á villigötum vinnur nú að rafrænum gagnabanka um komur hvítabjarna til Íslands. Sjá <http://visitations.lhi.is>.

<sup>36</sup> Vefur Náttúrufræðistofnunar, *nb.is*, sótt 18. mars 2019 af <https://en.ni.is/node/28265>.

1950.<sup>37</sup> Þar af er talið að 27 birnir hafi stigið á land hafísárin 1917–1918.<sup>38</sup> Frá árinu 2000 hafa fimm birnir stigið á land á Íslandi og hafa þeir allir verið skotnir. Sum þessara dýra sem sagt er frá í heimildum voru drepin en önnur hurfu aftur út á hafísinn sem lá við land eða jafnvel syndandi að Grænlandsísum.<sup>39</sup>

Margvíslegar sagnir eru til um samskipti eða kannski frekar árekstra þeirra og íbúa landsins. Sögur um viðureignir manna og bjarndýra hafa verið þekktar og sagðar allt frá landnámsöld. Í *Landnámu* sem inniheldur yfirlit og sögur um landnámsmenn, talin upphaflega rituð um 200 árum eftir landnám á fyrri hluta tólftu aldar, segir frá Ingimundi gamla Þorsteinssyni. Á ferð um Norðurland fann hann birnu og tvo húna með henni og nefndi þann stað Húnavatn. Ingimundur fór utan og gaf Haraldi konungi hárfagra dýrin og segir í *Landnámu*: „Ekki höfðu menn í Noregi fyr séð hvíta björnu.“<sup>40</sup> Þótti gjöfin svo virðuleg, að konungur launaði með því að gefa honum skip, hlaðið timbri.

Á öðrum stað í *Landnámu* segir frá Arngeiri sem nam Melrakkaslétu alla á norðausturhorni Íslands. Hann fór með Þorgils syni sínum að leita kinda og komu þeir ekki aftur. Annar sonur hans, Oddur, fann þá báða drepna af hvítabirni. Í hefndarskyni fyrir föður sinn drap Oddur björninn og át hann síðan í hefndarskyni. Eftir þetta var Oddur sagður ódæll og illur við að eiga. Þessi saga er elsta varðveitta sagan um að bjarndýr hafi drepist menn á Íslandi og gefur til kynna trú á það að menn mögnuðust á því að innbyrða bjarndýrakjöt og tækju jafnvel á sig einhverja eiginleika þeirra.<sup>41</sup> Að minnsta kosti er látið að því liggja að um nokkurs konar smitgaldur sé að ræða. Slíka umbreytingu manns í dýr má einnig tengja við sagnaminni, og hugsanlega þjóðtrú, um vígamenn sem taka á sig mátt bjarnarins og annarra dýra.<sup>42</sup> Í

<sup>37</sup> Sama heimild.

<sup>38</sup> Karl Skírnisson, „Aldur og ævi hvítabjarna“, *Náttúrufræðingurinn* 78: 1–2/2009, bls. 39–45, hér bls. 39.

<sup>39</sup> Ævar Petersen líffræðingur, sem lengi hefur rannsakað heimsóknir bjarndýra til Íslands, hefur víðrað þá hugmynd að hugsanlega megi telja landið við ystu mörk náttúrulegs útbreiðslusvæðis þeirra. Aðrar skýringar hafa m.a. verið þær að dýr sem hingað komi hafi orðið undir í félagskerfi bjarnanna. Ævar Petersen, *Hvítabirnir á Vestfjörðum fyrr og nú. Hornstrandir og Jökulfirðir* 5. bindi, ritstj. Hallgrímur Sveinsson, Þingeyri: Vestfirski forlagið, 2015, bls. 58–77, hér bls. 72.

<sup>40</sup> Ari Þorgilsson, *Íslendingabók. Landnámabók, Íslenskr fornrit*, 1. bindi, útgefandi Jakob Benediktsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.

<sup>41</sup> Ari Þorgilsson, *Íslendingabók. Landnámabók*, bls. 286; *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* IV, Jón Arnason safnaði, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1961, bls. 120–121.

<sup>42</sup> Sem dæmi birtist hvítabjörn í draumi sögupersónu *Örvar-Odds sögu* sem förunautur

miðaldaheimildum á borð við Íslendingasögur og Fornaldarsögur Norðurlanda sem flestar eru nokkuð yngri en Landnáma má finna mörg dæmi um slíkar frásagnir sem, þrátt fyrir að vera færðar í letur á þrettánda til fjórtánda öld, eiga nokkrar rætur í munnlegri hefð og sögulegum tíma fyrir landnám Íslands. Algengt form þessara dýrslegu vígamanna er berserkurinn sem er gripinn æði og óttaleysi í bardaga. Í sumum tilfellum breytast þeir í, eða flytjast yfir í, líkama dýrsins.<sup>43</sup> Orðsifjar hugtaksins *berserkur* kann að gefa til kynna að vígamennirnir hafi bókstaflega borið bjarnarfeldi eða íklæðst ham þeirra í yfirfærðri merkingu. Sú ríkjandi hefð fornsagna að tengja vígamenn við öflug staðbundin dýr kann að eiga sér samsvörun í notkun á dýrabúningum eins og fornleifar gefa einnig vísbendingar um.<sup>44</sup>

Berserkjafrásagnir má líka skoða í breiðu samhengi hugmynda um umbreytingar manneskju í dýr og dýrs í manneskju. Í *Heimskringlu* Snorra Sturlusonar, þar sem sögð er saga Noregskonunga fram á tólftu öld, er berserkjum lýst sem stríðsmönnum Óðins sem

fóru brynjlausir ok váru galnir sem hundar eða vargar, bitu í skjöldu sína, váru sterkir sem birnir eða griðungar. Þeir drápu mann-folkit, en hvártki eldr né járn orti á þá. Þat er kallaðr berserksgangr.<sup>45</sup>

Yngra dæmi segir frá tólf berserkjum sem birtast í fornaldarsögunni *Hrólfssögu kraka*. Þekktastur þeirra er Böðvar Bjarki, en nafnið sjálft mætti skilja sem stríðshúni. Upprunasaga hans skýrir tilfærslu bjarnareðlisins með frásagnarhefð, og innan heimsmyndar, þess tíma. Böðvar Bjarki er sonur Beru (samheiti við birnu) og Björns, sonar Hrings konungs, en til viðbótar við nafnatengslin eru þau bæði tengd björnum með töfrum. Stjúpa Björns hét Hvít og var talin dóttur Finnakonungs, sem kann að vísa til samískis uppruna sem í frásagnarhefðinni er ósjaldan tengt fjölkynngi. Henni er jafnframt lýst sem ríklundaðri og drambsamri og Björn kallar hana hið mesta tröll. Þegar Björn hafnar blíðu stjúpu sinnar og slær hana, lýstur hún hann með *úlfhanska* og leggur á hann þau álög að breytast í grábjörn að degi til. Síðan

---

hans túlkar sem fylgju frænda þeirra og þykir lýsa reiði eða „úlfhug“ hans til þeirra. *Órvar-Odds saga*, ritstj. R.C. Boer, Leiden: E.J. Brill, 1888, bls. 22.

<sup>43</sup> Sjá t.d. Aðalheiður Guðmundsdóttir, „The Werewolf in Medieval Icelandic Literature,“ *Journal of English and Germanic Philology*, 106: 3/2007, bls. 277–303, hér bls. 281.

<sup>44</sup> Sjá t.d. Terry Gunnell, *The Origins of Drama in Scandinavia*, Cambridge: D.S. Brewer, 1995, bls. 37.

<sup>45</sup> Snorri Sturluson, *Heimskringla I*, Íslensk fornrit, 26. bindi, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1941, bls. 17.

vélar hún konung til að drepa björninn og þvingar Beru, sem ber þrjúburu Björns undir belti, til að neyta af bjarnarkjötinu. Fyrir bragðið fæðast þrjúburarnir með ýmsa dýrslega eiginleika.<sup>46</sup>

Böðvar Bjarki varð einn öflugasti hirðmaður Hrólfs með sína „styrku armleggje, sem suo eru sterkir sem alebirnir“.<sup>47</sup> Í síðasta bardaga Hrólfs virðist Böðvar Bjarki reyndar sofa en ver þó konung sinn í formi mikils bjarndýrs. Þegar Böðvar Bjarki er vakinn úr leiðslu hverfur björninn af vígvellinum og verulega fer að halla undan fæti.<sup>48</sup> Frásögnin kann að minna nokkuð á sjamaníska helgisíði en gæti verið flökkuminni frá sjamanískum nærsamfélögum, til dæmis Sömum.<sup>49</sup> Viðburðirnir í Hrólfs sögu kraka (og Bjarkarmálum Saxa) eiga að gerast á Sjálandi löngu fyrir landnám Íslands og segja má að þeir setji fram nokkuð ýkta eða sérstæða mynd af berserkjum eða berserksgangi. Þeir eiga heima með öðrum berserkjafrásögnum og gefa til kynna að ríkulega sagnahefð um (bjarn-)dýrslega stríðsmenn hafi verið að finna á Norðurlöndum um langt skeið. Líklega hafa evrasískir skógarbirnir (lat. *Ursus arctos*), villtir og hugsanlega tamdir eins og hugtakið „alibirnir“ vísar til, verið sú bjarndýrstegund sem viðtökuhópar þessara frásagna hafa þekkt hvað best. Þegar norðar dregur, svo sem í dæmunum úr *Landnámu* hér að ofan, er hins vegar oft vísað til hvítabjarnarins. Jafnvel sjálfur Böðvar Bjarki breytist í hvítabjörn í miðjum bardaga í *Bjarkarímum*.<sup>50</sup>

Framsetningin á hvítabjörnum í miðaldabókmenntum og þjóðsögnum er mjög breytileg.<sup>51</sup> Í þeim fyrrnefndu eru dæmi um að persónur versli með lifandi hvítabirni. Þar gefa Íslendingar norrænum konungum hvítabirni og flytja þá langar leiðir. Einna þekktust slíkra frásagna er Auðunar þáttur vestfirska en þættirnir eru stuttar frásagnir sem leyfa hvorki mikla persónusköpun né atburðarás. Auðun er fátækur Vestfirðingur sem festir allt sitt fé í hvítabirni á Grænlandi. Frekar en að halda aftur til Íslands fer hann til Dan-

<sup>46</sup> *Hrólfs saga kraka*, ritstj. Desmond Slay, Kaupmannahöfn: Den Arnamagnæanske Kommission, 1960, bls. 55–65.

<sup>47</sup> *Hrólfs saga kraka*, bls. 118

<sup>48</sup> *Hrólfs saga kraka*, bls. 117–119.

<sup>49</sup> Sjá Clive Tolley, „Hrólfs saga kraka and Sámi bear rites“, *Saga Book*, 31/2007, bls. 5–22, hér bls. 6.

<sup>50</sup> *Hrólfs Saga Kraka og Bjarkarímur*, ritstj. Finnur Jónsson, Kaupmannahöfn: S.I., Möllers Bogtrykkeri, 1904, bls. 161.

<sup>51</sup> Sjá Kristinn Schram og Jón Jónsson, „Visitations: The Social and Cultural History of Polar Bear Narratives in Iceland and the North Atlantic“, *The Bear: Culture, Nature, Heritage*, Heritage Matters Series, ritstj. Owen T. Nevin, Ian Convery, Peter Davis. Suffolk: Boydell Press, 2019, bls. 147–159.

merkur þar sem hann hyggst gefa Sveini konungi björninn. Leið Auðuns liggur þó um Noreg, og hirð Haralds konungs, helsta óvinar Sveins. Þar reynir Auðun að halda bjarndýrinu, og eigin lífi, en fær að lokum leyfi Haraldar til að færa Sveini björninn að gjöf. Eftir stutta Rómarför, heldur hann loks aftur til Íslands sem mektarmaður sem hefur áunnið sér velvild tveggja stríðandi konunga og jafnvel stuðlað að friðsamlegum samskiptum á milli þeirra. Í yfirgripsmikilli bók um þáttinn dregur William Ian Miller fram, með fínlegri greiningu, mikilvægi hugmynda um heppni, auð og gjafir í norrænni menningu og mannlegum samskiptum.<sup>52</sup> Þýðingarmest þykir honum þó sjálft dýrið og menningarlegt samhengi þess. Miller leggur áherslu á verðmætið sem liggur í bjarndýrinu og að í því felist ríkulegur fjársjóður. Mikilvægi þess liggir þó ekki síst í því að björninn hvíti er, eins og Moby Dick, eins konar dulmálslykill sem leggja má ólíka merkingu í.<sup>53</sup>

Norski þjóðfræðingurinn Knut Liestøl heldur því fram að sögur af þessu tagi (og þá einkum flökkusögnin ML 6015 og sagnagerðin AT 1161 sem svo eru flokkaðar í gerðaskrár þjóðsagnafræðinga) eigi rætur í munnlegri hefð sem hafi fundið sér leið inn í vestnorrænar flökkusagnir.<sup>54</sup> Þessar sagnir segja frá árás yfirnáttúrulegra vætta inn á heimili fólks, að því fjarstöddu, þar sem fyrir er ókunnur gestur og hvítabjörn sem fylgir honum (í íslensku gerðinni er stundum um hund að ræða). Það vekur athygli að vættirnar, oft tröll, telja að hvítabjörninn sé hvítur köttur en stökkva á flóttu þegar „kötturinn“ ræðst skyndilega að þeim. Síðar er kallað úr fjöllunum og spurt hvort kötturinn sé ennþá á bænum. Bóndi svarar því játandi og segir hann hafa eignast þrjá ketti sem séu enn stærri og styggari en móðir þeirra.<sup>55</sup> Þjóðfræðingurinn Terry Gunnell telur þessar flökkusagnir sýna hvernig sagnir breytast og jafnvel stökkbreytast á ferðalagi sínu milli Skandinavíu og Íslands og aðlagist jafnframt aðstæðum og ríkjandi heimsmynd á hverjum stað. Við það má þó

<sup>52</sup> William Ian Miller, *Audun and the Polar Bear. Luck, Law, and Largesse in a Medieval Tale of Risky Business*, Leiden: Brill, 2008, bls. 147–159.

<sup>53</sup> Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson fjalla með sambærilegum hætti um hvítabjörninn sem „safn þversagna, [...] glerstrendingur sem gæti innihaldið og endurspeglað öll möguleg viðbrögð okkar: ótta, hrylling, virðingu, samúð, ástúð, húmor“ (e. „a catalogue of paradoxes, [...] a prism with the capacity to contain and refract all manner of responses in us; fear, horror, respect, pathos, affection, humour“) í ritinu *Nanoq: Flat out and Bluesome*, bls. 98–127.

<sup>54</sup> Knut Liestøl, „Kjetta pa Dovre“, *Maal og Minne* 24/1933, bls. 24–28, hér bls. 25.

<sup>55</sup> Terry Gunnell, „The Coming of the Christmas Visitors. Folk Legends Concerning the Attacks on Icelandic Farmhouses Made by Spirits at Christmas“, *Northern Studies* 38/2004, bls. 51–75, hér bls. 65.

bæta að misskilningur vættanna gefur til kynna hversu framandi hvítabjörninn er í hugum norðurlandabúanna. Þessi framandleiki er nauðsynlegur til að frásögnin gangi upp, að björninn komi innrásarhópnum á óvart og verndi heimilið fyrir illvættum.

### *Meira og minna mennsk: Þjóðtrú og sagnir*

Í sögnum síðustu alda er hvítabjörninn hvorki auðtamin né auðveldur viðureignar. Þó er hann oft gæddur ákveðnum mannlegum eiginleikum, gáfum, móðgunargirni og samúð. Í sumum þjóðsögum eru hinir best gefnu jafnvel á við tólf manns.<sup>56</sup> Hvítabirnir virðast jafnvel móðgast við svívirðingum en í Grímsey, sem er algengt baksvið bjarndýrasagna, var sagt að bjarndýrin þyldu ekki að sagt væri við þau „aftanljótur dindill“.<sup>57</sup> Sumar þjóðsögur segja frá konungi hvítabjarna sem, með sama hætti og einhyrníngurinn, bar horn á höfði og gylltan hring í enda þess. Ennfremur átti hann til að tala og skilja mannamál.<sup>58</sup> Í sumum sögnum er *rauðkinnungsins* sérstaklega getið sem konungs dýranna og hins grimmosta bjarndýranna.<sup>59</sup> Rauði þráðurinn í þjóðsögunum má þó segja að sé persónugerving hvítabjarna. Þeir geta fundið til samúðar og verðlauna ríkulega góðgerðir á þeirra hlut en refsar grimmilega misgjörðir. Þessum eiginleikum deila þeir með öðrum yfirnáttúrulegum þjóðsagnaverum, til dæmis huldufólki, sem ber að virða en launa jafnframt góða framkomu. Bjarndýrin verðlauna til dæmis með hlut í bráð sinni. Í einu tilfelli gefur bjarndýr tvo stærðar útseli og í öðru þrettán landseli.<sup>60</sup> Önnur sögn segir frá því þegar vatnslaust verður í Grímsey. Kom þá bjarndýr og sló með hramminum upp stein og kom þar upp vatn. Samkvæmt sögninni var þar gerður brunnur og hann nefndur Bjarnarbrunnur.<sup>61</sup> Í þessum sögnum má lesa þann siðaboðskap, sem reyndar á við stóran hóp þjóðsagna, að heilindi leiði oftast til hamingju.<sup>62</sup> Sú hugmynd eða þjóðtrú að

<sup>56</sup> Guðmundur Jónsson, *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir II*, Reykjavík: Skrudda, 2009, bls. 192–193; Sigfús Sigfússon, *Íslenskar þjóðsögur og sagnir IV*, Reykjavík: Þjóðsaga, 1982, bls. 205–6.

<sup>57</sup> *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV*, bls. 4.

<sup>58</sup> *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV*, bls. 3; *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*, bls. 205–206.

<sup>59</sup> *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I*, Jón Árnason safnaði, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1954, bls. 608.

<sup>60</sup> Jón Þorkelsson, *Þjóðsögur og mummalí*, I, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1956, bls. 299–331; *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir II*, bls. 91–92.

<sup>61</sup> *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri IV*, bls. 28.

<sup>62</sup> Þórir Haraldsson, „Hvítabirnir í þjóðsögum“, *Úr manna minnum. Greinar um ís-*





Ljósmynd: Thyra Juul, Ísafirði, 1920–1945. Birt með leyfi Ljósmyndasafns Ísafjarðar.

birnir séu í raun manneskjur í bjarnarham birtist einnig snemma í íslenskum heimildum. Um miðbik sautjándu aldar ritar Jón lærði um þá þjóðtrú að hvítabjörninn leggist í híði til þess að svelta sig úr bjarnarhamnum. Vandinn sé sá að eftir þrjátíu daga og nætur þurfi manneskja að brenna haminn svo björninn geti tekið á sig mannsmynd. Oftar en ekki þarf björninn að klæðast bjarnarhaminum á ný og verður enn reiðari og erfiðari viðureignar.<sup>63</sup> Samþæringleg sagnaminni má einnig finna í þjóðsögum nítjándu aldar. Til dæmis segir ein frá því þegar birnir ala af sér mennsk börn sem aðeins verða að húnum þegar birnan slær hrammi sínum yfir þau.<sup>64</sup>

Hvítabjarnarfrásagnir endurspeglar að einhverju leyti upplifun fólks af kröftum náttúrunnar. Þar virðist eðli fólks og dýra stundum það sama, hvort sem það birtist í göfgi eða grimmdarverkum. Vegna líkamsgerðar, lífshátta og þolgæðis hvítabjarna, endurspeglar sagnir um þá eflaust meiri mennsku,

---

*lenskar þjóðsögur*, ritstj. Baldur Hafstað og Haraldur Bessason, Reykjavík: Heimskringla, 2002, bls. 481–495, hér bls. 495. Þórir víðaði að sér yfirgripsmiklu safni af heimildum um hvítabjarnarkomur til Íslands sem birtist að honum látnum í bók Rósu Rutar Þórisdóttur, *Hvítabirnir á Íslandi*, Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar, 2018.

<sup>63</sup> JS 401 XI 4to.; Halldór Hermannsson, „Jón Guðmundsson and his Natural History of Iceland,“ *Islandica. An annual relating to Iceland and the Fiske Icelandic Collection in Cornell University Library* XV, New York, Cornell University Library, bls. 13–14; Viðar Hreinsson, *Jón lærði og náttúrunar náttúrunnar*, Reykjavík: Lesstofan, 2016, bls. 586.

<sup>64</sup> Íslenskar *þjóðsögur og ævintýri* I, bls. 606.

eða líkindi með mönnum, en sögur um önnur dýr. Margar síðari tíma sagnir lýsa hvítabjörnum, með öllum sínum gáfum og dyggðum, sem grimmmu innrásaraðila. Þar hefur manngervingin (e. *anthropomorphism*) minni þýðingu í frásögninni en sú hætta sem felst í hvítabjarnarkomum. Í slíkum frásögnum upplifir íslensk alþýða skyndilega komu bjarnarins á stendur landsins sem innrás. Bjarndýrið er sett fram sem utanaðkomandi ógn við búfé og heimilisfólk enda íbúar landsins að öðru leyti lausir við land- og sjávardýr sem ógna öryggi þess. Árás utanaðkomandi aðila er því eitt helsta einkenni hvítabjarnarsagna þar sem hvítabjörninn leitar sér ætis í mannabústöðum eða er jafnvel drifinn áfram af drápsfíkn og öðrum myrkum hvötum. Á margan hátt eru bjarndýr þessara sagna líkari ógnvekjandi náttúruvættum en dýrum. Þessi óvelkomni vággestur af hafi er eins og úr öðrum heimi og svipar sögnum af þeim til fyrrgreindra þjóðsagna um komu jólavætta sem húka í rökkrinu en tröllríða svo bænum þegar flestir heimilismenn eru við aftansöng.

Af framansögðu má vera ljóst að hvítabjörninn er tákn sem rúmar mismunandi túlkanir á samskiptum manna við náttúruöflin. Hvort slík tákngeving sé til að auka á atbeina sjálfs dýrsins má hins vegar efast. Frekar en að varpa ljósi á dýrið sjálft, eins og pósthúmanistar á borð við Baker hvetja til, er frásagnarhefðin að mestu leyti mannmíðuð. Ef til vill mætti þó undanskilja frásagnir af björnum og manneskjum (til dæmis Birni, Beru, Böðvari Bjarka og Oddi landnámsmanni) sem fyrir tilfærslu töfra renna saman í eitt. Þar beinir frásagnarhefðin sjónum okkur að minnsta kosti þangað sem Haraway bendir, að dýrum og samfléttun þeirra veruleika við okkar mannlega veruleika.

Framhaldslíf og efnisleiki bjarnarins virðist frá fornu fari tengdur þessari stöðu hans sem fjölþætt tákn í sagnaarfi og jafnvel töfragripur í þjóðtrú. Ljóst er að bjarnarfeldur þótti mikil gersemi og greiddu klerkar og kóngar svo hátt verð fyrir það að bjarndýr þóttu mikill fengur.<sup>65</sup> Hugtakið *bjarnylur* eða *bjarnarylur*, sem enn er í almennri notkun, má rekja til þeirrar þjóðtrúar að börn sem fæðast á bjarnarfeldi verði ónæg fyrir kulda.<sup>66</sup> Sagnaarf þennan má kalla ímyndafræðilegan bakgrunn bjarndýrsins í landi þar sem það er

<sup>65</sup> Björn Teitsson, „Bjarnafeldir í máldögum,“ Afmælisrit Björns Sigfússonar, ritstj. Björn Teitsson, Björn Þorsteinsson og Sverrir Tómasson, Reykjavík: Sögufélag, 1975, bls. 23–46, hér bls. 35–44.

<sup>66</sup> Hávarðar saga Ísfirðings, Íslensk fornrit VI, 1943, bls. 289–358; *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I, bls. 605.



Ísbjörn sem drepinn var í Þverárfalli 2008 til sýnis í Perlunni. Ljósmynd: Katla Kjartansdóttir, 2020.

skotið á færi í nafni lýðheilsu, kostnaðar, öryggis og mats á stofnstærðum.<sup>67</sup> Engu að síður er sú mynd sem dregin er upp af bjarndýrinu á vettvangi ferðamanna allt önnur. Þar er hvítabjörninn settur fram sem aðgengilegt og jafnvel heimilislegt dýr sem jafnframt má kaupa og hafa með sér heim í formi minjagripa stórra og smárra. Þá standa eftirlíkingar af hvítabjörnum víða á helstu verslunargötum og mynd hvítabjarnarins er ekki síður vinsæl í auglýsingefni og hvers kyns vöruhönnun. Á fyrrnefndri sýningu *Undur íslenskrar náttúru* í Perlunni er til dæmis að finna uppstoppað eintak af bjarndýri sem gefur ferðamönnum, og innlendum gestum, tækifæri til að nálgast dýrið í návígi, þar sem aðeins þunnir glerveggir skilja á milli.<sup>68</sup>

<sup>67</sup> Hjalti J. Guðmundsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Ólafur Jónsson og Stefán Vagn Stefánsson, *Viðbrögð við landgöngu hvítabjarna á Íslandi. Skýrsla starfshóps sem umhverfisráðberrna skipaði í júní 2008 til tillögugerðar um viðbrögð vegna hugsanlegra landtöku hvítabjarna á Íslandi*. Reykjavík: Umhverfisráðuneytið, 2008. Sótt 18. mars 2019 af [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrsla\\_um\\_komur\\_hvitabjarna\\_til\\_Islands\\_lokautgafa.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Skyrsla_um_komur_hvitabjarna_til_Islands_lokautgafa.pdf).

<sup>68</sup> Bjarndýrið var fengið að láni frá Náttúrufræðistofnun en um er að ræða Þverár-fjallsbjörninn svokallaðan sem var felldur í júní 2008 í Skagafirði. Sjá t.d. Þorsteinn Sæmundsson, Hjalti Guðmundsson, Þórdís V. Bragadóttir og Helgi Páll Jóns-

Framandi ímyndir af norðurslóðum hafa leikið þýðingarmikið hlutverk í markaðssetningu Íslands undanfarna áratugina.<sup>69</sup> Sjá má þessa norðurhyggju (e. *borealism*) sem aðferð Íslendinga til að aðlaga sig að svæðisbundinni þróun og aðdráttarafi hins vestnorræna norðurs. Staða Íslands sem norðurslóðaríkis og Íslendinga sem norðurslóðarþjóðar er ekki einhlít og er í örri mótun markaðsafla, menningarpólitíkur og í samspili landfræðilegrar legu og stjórn mála. Sögur af hvítabjörnum og þær ímyndir sem settar eru fram af þeim, má einnig líta á sem hluta af samspili alþýðlegrar og alþjóðlegrar frásagnarhefðar. Hún er í mörgum tilvikum hliðstæð opinberri umræðu eða ímyndasmíð en stundum má greina nokkra andstöðu, og jafnvel gagnsögur (e. *counternarrative*) við ríkjandi orðræðu. Í skilgreiningu Amy Shuman byggja gagnsögur á því að mögulegt sé að gagnrýna ráðandi frásagnir og ekki síst með því að vekja samúð.<sup>70</sup> Dæmi um það er gjörningurinn *Fooled by Iceland* sem beindist að framsetningu á landi og þjóð gagnvart ferðamönnum. Hann vísar með háði í *Inspired by Iceland* auglýsingaherferðina sem hleypt var af stokkunum í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010 og stendur í raun enn.<sup>71</sup> Þessi skopmynd hennar grefur undan ýmsum staðalmyndum og ímyndum sem sjaldan er storkað á sjálfum vettvangi ferðamenskunnar. Verkið var unnið af ónafngreindum nemanda í Listaháskóla Íslands og fólst í því að dreifa röð plakata á vinsælum ferðamannastöðum. Eitt þeirra sýnir teikningu af hvítabirni og ber yfirskriftina „Don't be fooled

---

son, „Hvítabirnir í Skagafirði árið 2008“, *Tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags*, 1–2/2009, bls. 29–38, sótt 18. mars 2019 af <http://uni.hi.is/steinis/files/2018/11/Natturufur-78-1-2-Hvitabirnir-i-Skagafidi.pdf>. Uppstoppaða birni er nokkuð víða að finna á íslenskum söfnum til dæmis á Byggðasafni Dalvíkur og á Ísafirði.

<sup>69</sup> Kristinn Schram, „The Wild Wild North. The Narrative Cultures of Image Construction in Media and Everyday Life“, *Images of the North. Histories, Identities, Ideas*, ritstj. Sverrir Jakobsson o. fl., *Studia Imagologica* 14, Amsterdam: Rodopi, 2009, bls. 249–260; Kristinn Schram, „Banking on Borealism. Eating, Smelling, and Performing the North“, *Iceland and Images of the North*, *Imaginaire du Nord Series*, Québec: Presses de l'Université Québec, 2011, bls. 305–328. Katla Kjartansdóttir, „Remote, Rough and Romantic. Contemporary Images of Iceland in Visual, Oral and Textual Narrations“, *Images of the North. Histories, Identities, Ideas*, bls. 271–281; Kristín Loftsdóttir, *Crisis and Coloniality at Europe's Margins. Creating Exotic Iceland*. New York: Routledge, 2018.

<sup>70</sup> Amy Shuman, *Other People's Stories. Entitlement Claims and the Critique of Empathy*, Chicago: University of Illinois, 2005, bls. 19.

<sup>71</sup> Auglýsingaherferðin var samstarfsverkefni íslenska ríkisins, Reykjavíkurborgar, Icelandair, Iceland Express, Íslandsstofu, markaðsstofu landshlutanna og aðila í Samtökum ferðabjónustunnar.





Ljósmynd: Kristinn Schram, Leifstöð 2020.

by Icelandic polar bears<sup>72</sup> og svo með smærra lettri: „polar bears do not live in Iceland. Sometimes they travel from Greenland on an iceberg. When they do, we kill them.“<sup>73</sup> Gagnsagan í þessu tilviki virðist því byggja bæði á

<sup>72</sup> „Látið ekki glepjust af íslenskum hvítabjörnum.“ *Fooled by Iceland*, sótt 8. mars 2019 af <http://fooledbyiceland.tumblr.com>.

<sup>73</sup> „Hvítabirnir lifa ekki á Íslandi. Stundum koma þeir á ísjökum frá Grænlandi. Þegar þeir koma, þá drepum við þá“. Sama heimild.

samúð með hvítabirninum en einnig háði sem beinist að tilkalli Íslendinga til hvítabjarnarins sem hluta af ímyndasafni sínu.

Auknar vinsældir hvítabjarnarins í hvers kyns framsetningu á landi og þjóð má tengja við hlutverk hans í orðræðu loftslagsbreytinga og annarra ógna sem steðja að viðkvæmum vistkerfum. Ímynd hvítabjarnarins er víða notuð til að vekja athygli á aðstæðum svæðisbundinna hópa á norðurslóðum og reyndar stundum gegn vilja þeirra. Áskoranir hvítabjarnarins í bráðnandi vistkerfi skírskota ekki síður til orðræðu norðurslóða en loftslagsváar um allan heim. Hvítabjörninn sem tákn býður því upp á margvíslegar túlkanir í bæði staðbundnu sem alþjóðlegu samhengi.<sup>74</sup> Í íslensku samhengi staðsetja þessar frásagnir, og það sem kalla mætti leik að efni, landið innan orðræðu norðurslóða og varpa, eins og Auðun hinn vestfirski, óræðum gildum á hvítan feld hins framandi hvítabjarnar.

### *Lokaorð*

Í greininni höfum við fjallað um tvær tegundir dýra, lunda og hvítabirni, sem eiga margt sameiginlegt en eru líka mjög ólík. Við höfum rætt um fjölbreytilegar birtingarmyndir þeirra, í margvíslegu menningarlegu samhengi, og lagt áherslu á hvernig þau hafa verið virkjuð sem táknmyndir norðurslóða en einnig sem eins konar holdtekjur fyrir þá alþjóðlegu umhverfisvá sem bæði mannfólk og dýr þurfa nú að takast á við. Í því samhengi má nefna að lundinn hefur nýlega verið skráður á alþjóðlegum valista yfir fuglategundir í bráðri hættu, þar sem hann er settur í flokk með fleiri íslenskum fuglum á borð við fjöruspóa og skúm.<sup>75</sup> Þannig að þó svo lundinn sé iðulega settur fram sem eins konar dúlla eða krútt, í sambandi við ferðamennsku eða annað, má einnig líta á hann sem tákn fyrir viðkvæmt sameiginlegt vistkerfi og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í þeim efnunum. Rétt eins og geirfuglinn getur hann vakið upp knýjandi spurningar í tengslum við það hvernig ofnýting getur leitt til útrýmingar.<sup>76</sup> Eins og rætt hefur verið um hér

<sup>74</sup> Lill Rastad Bjorst, *Arktiske diskurser og klimaforandringer i Grønland. Fire (post) humanistiske klimastudier*, Kaupmannahöfn: University of Copenhagen, 2011.

<sup>75</sup> „Valisti fugla“, vefslóð Náttúrufræðistofnunar Íslands, sótt 18. nóvember 2019 af <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>.

<sup>76</sup> Umræðu um táknræna merkingu geirfugla má t.d. sjá í: Katla Kjartansdóttir, „The changing symbolic meaning of the extinct great auk and its afterlife as a museum object at the Natural History Museum of Denmark“, *Nordisk Museologi*, 2/2019, ritstj. Brita Brenna, 41–56.



er lundinn vissulega kraftmikið tákni sem svarar þörf ferðamanna fyrir villta og hreina náttúru en hann má einnig virkja til þess að vekja upp umræður um knýjandi áskoranir okkar tíma, á borð við loftslagsbreytingar, útrýmingu og aldauða tegunda.

Hvítabjörninn hefur verið virkjaður sem hreyfiafl með sambærilegum hætti í tengslum við verndun náttúru og vistkerfis. Í því samhengi hefur hann iðulega verið settur fram sem áberandi tákni mynd í tengslum við hlýnun jarðar og bráðnun jökla, eins og rætt var um hér að framan. Með þjóðsagnafræðilegri greiningu má einnig sjá hvaða hlutverk bjarndýrið hefur spilað í frásagnarmenningu Íslendinga og nærliggjandi landa sérstaklega. Greiningin hér að framan sýnir meðal annars að, í nánast bjarnlausu landi, tekur frásagnarefnið við þar sem takmörkuð reynsla þrýtur. Þjóðfræði bjarndýrsins á Íslandi, og þá sérstaklega hvítabjarnarins, endurspeglar þó aðeins að mjög takmörkuðu leyti tengsl fólks og bjarndýra. Segja mætti að birnir frásagnanna dvelji á einhverskonar „öryggissvæði“ (e. *buffer zone*) milli hreinnar ímyndunar og efnismenningar þar sem bjarndýr og fólk eru í návist hvort við annað (hversu sjaldgæft sem það kann að vera). Á þessu „öryggissvæði“ geta Íslendingar kannað og þrætt óljósar línur á milli manneskju og dýrs, siðmenningar og villimennsku, öryggis og hættu. Gegnum aldirnar birtist hvítabjörninn í þjóðsagnaefni á ólíkum stigum manngervingar (e. *ant-bropomorphism*) og umbreytingar manns í dýr (e. *zoomorphism*). Frá bjarndýrinu má fá mat og hlýju en með bjarndýrafrásögnum má ekki síður magna upp töfra og táknrænan styrk, skapa sér sérstaka stöðu og sjálfsmynd, umvefja sig framandleika og hetjuskap, framkalla ótta og vara við aðsteðjandi hættu.

Þótt treysta megi á fáar, ef nokkrar, frásagnir af því að hvítabirnir hafi drepið fólk á Íslandi, er bjarndýrið útmálað sem vághestur. Þótt rökstyðja mætti að Ísland sé nú innan ytri marka vistkerfis hvítabjarna í Norður Atlantshafi upplifa Íslendingar komur þeirra sem hættulega innrás og jafnvel, eins og nýleg dæmi sýna, sýkingarhættu. Nú á tímum mannaaldar (e. *ant-bropocene*) er hvítabjörninn líka tákni og þolandi loftslagsváar, sem sköpuð er af mannavöldum. Þó innlimar frásagnarmenning norðurslóðaferðamenskunnar hvítabjörninn inn í dýraríki landsins og staðsetur þannig Ísland kirfilega innan norðurslóða þrátt fyrir vafasama stöðu þess sem slíkt. Þessi viðkvæma návist hvítabjarnarins við strendur landsins og í hugum íbúa þess kallar því ekki aðeins fram endurskoðun á mörkum manneskju og dýrs heldur einnig á stöðu Íslendinga í hættulegum og kynlegum heimi.

Þær frásagnir og sjónrænu birtingarmyndir sem hér hefur verið fjallað um sýna ótvírætt fram á það hversu margslungið – og stundum spennuþrungið – samband mannfólks og dýra, á borð við lunda og hvítabirni, hefur verið í gegnum tíðina. Á meðan stór hluti þessara frásagna er mannmiðaður og atbeini dýranna lítill, hafa þær þó sumar leitast við að skoða samfléttun okkar ólíku veruleika. Birtingarmyndir síðari ára, sögur og gagnsögur, sýna ekki síður fram á að lundar og hvítabirnir eru með líkum og ólíkum hætti tákni sem rúma mismunandi túlkningar á samskiptum manna við náttúruöflin. Þær sýna einnig þörfina á aukinni virðingu og skilningi er varðar sameiginlega hagsmuni og hættur, þvert á tegundir.

## ÚTDRÁTTUR

### „Fólk í feldklæðum“. Lundar og hvítabirnir á mannöld

Ólíkar birtingarmyndir tveggja dýrategunda, hvítabarna og lunda, eru hér til umfjöllunar í samhengi efnismenningar og frásagna fortíðar og samtíma. Rætt er um með hvaða hætti hlutverk þeirra hefur fléttast saman við sjálfsmyndir og mismunandi menningarlegt samhengi. Spurt er hvernig merking þessara dýra hefur frá fornu fari tekið breytingum og þróast. Þar má nefna ýmsa merkingarauka í tengslum við loftslagsbreytingar, aukna umhverfisvitund og vaxandi áherslur á norðurslóðir sem birtast í myndrænni og efnislegri framsetningu, til dæmis í íslenski ferðapjónustu, á söfnum og í myndlist. Bakgrunnur ímyndanna í frásagnarhefð er skoðaður með tilliti til tákna og túlkunar á samskiptum manneskjunnar við náttúruöflin. Tekin eru til umfjöllunar dæmi um hvernig íslenskir myndlistarmenn hafa unnið með þessi dýr í verkum sínum, meðal annars til að vekja upp spurningar um umhverfismál en einnig til að varpa gagnrýnu ljósi á flókna menningarlega sjálfsmynd Íslendinga í hnattvæddum og kynlegum heimi samtímans. Knýjandi áskoranir varðandi umhverfismál og sameiginlegt vistkerfi blasa við, þvert á tegundir, og er hér lögð áhersla á þetta samfléttun manneskju og dýra.

*Lykilorð:* efnismenning, frásagnir, mannöld, pósthúmanismi

## ABSTRACT

### „Humans in fur suits“. Puffins and polar bears in the Anthropocene

Disparate representations of two species, the polar bear and the puffin, are examined here in the context of material culture and narrative, past and present. The

analysis traces how their roles have been intertwined with different identities and changing cultural contexts. They connote, for example, climate change, a growing environmental awareness and the increasing focus on the Arctic in visual and material representation within Icelandic tourism, museums and art. The background of these images is explored through folk narrative and in relation to symbols and interpretations of human interaction with the forces of nature. Questions are raised on how Icelandic artists have dealt with these animals through a critical lens that reveals the multi-faceted cultural identity of Icelanders in a global and precarious world. Current challenges of shared environments and ecosystems are highlighted as pressing matters, which call for attempts to further analyse interspecies relations.

*Keywords:* material culture, narrative, anthropocene, posthumanism

KATLA KJARTANSDÓTTIR

Doktorsnemandi í safnafræði  
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands  
Sæmundargötu 2  
IS-102 Reykjavík, ÍSLAND  
katlak@hi.is

KRISTINN SCHRAM

Dósent í þjóðfræði  
Félagsvísindasviði Háskóla Íslands  
Sæmundargötu 2  
IS-102 Reykjavík, ÍSLAND  
khschram@hi.is

